

Nd.

329. Alit

um frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá 1. þm. S.-M. og 1. þm. N.-M.

Nefnd sú, sem neðri deild alþingis kaus til þess að athuga þetta stórmál, hefir að visu haldið nokkra fundi, en ekki hafa höfuðatriði málsins verið rædd þar, að heitið geti. Meiri hluti nefndarinnar tók þegar á fyrsta fundi þá afstöðu gegn okkur, minni hlutanum, að það var ótvírætt, að allar umræður um aðal-efni málsins, þann eða ekki þann, voru taldar með öllu gagnslaugar. Og þegar til þess kom, að gera tillögur um breytingar á einstökum atriðum frumvarpsins, þá var kömið með prentaðar tillögur um það á nefndarfund. Meiri hlutinn hafði samið þær tillögur utan funda, eða líklega réttara sagt, látið semja þær, því að til þess fékk meiri hlutinn aðstoð eins þingmanns, sem ekki var kosinn af þingdeildinni til þess. Sýnist okkur rétt að benda á þetta, af því að það er nokkuð óvanalegt og einkennilegt, þótt við annars vegar teljum ekki líklegt, að það hafi haft veruleg áhrif á niðurstöður þær, sem meiri hlutinn hefir komist að. Enn er þess að geta, að við vitum ekki til að nokkuð hafi verið borið upp til atkvæða á nefndarfundum, nema kosning formanns og skrifara.

Við tökum þetta fram, til þess að það verði ljóst, að í raun og veru var okkur fyrirumun að fá hjá meðnefndarmönnum okkar þá æðri og betri þekking á þessu merkilega máli, sem til þess hefði þurft, að við skiftum um skoðun á því. Nefndarálit meiri hlutans, sem útbýtt hefir verið prentuðu, flytur ekki heldur neitt nýtt eða merkilegt, að okkur sýnist, og því er það, að öllu þessu athuguðu, að við teljum líklegt að það þyki ekki neitt undarlegt, þótt við höfum ekki getað fylgt meiri hlutanum, og að skoðun okkar sé sú sama og fyr, að þetta frumvarp eigi alls ekki að verða að lögum.

Svo viljum við, með sem allra fæstum orðum, lýsa nokkrum af aðalástæðunum fyrir tillögum okkar í þessu máli:

1. Frumvarpið gengur út fyrir þau takmörk, sem rétt er eða heppilegt að löggjafarvaldið setji um athafnarétt einstaklinganna. *Bannlög mega ekki ganga svo langt, að þau stefni að því, að varðveita fullþroskaðan, fullveðja og fullvita mann fyrir sjálfum sér.*

2. Þegar gengið er svo nærri persónulegu frelsi og athafnarétti manna, sem hér er gert ráð fyrir, þá verða slík þvingunarlög illa þokkuð og óvinsæl. Freistingin til að brjóta þau verður afarmikil, þar sem menn eru sér þess annars vegar meðvitandi, að hér sé ekki um neina ósæmilega athöfn að ræða. Eigi lögin að ná tilgangi sínum, þá verða njósarmenn og böðlar á hverju strái, reiðubúnir til að draga sjálfstæða og góða drengi fyrir lög og dóm, þótt um reglulega smámuni sé að tefla. Þetta leiðir aftur til meinsæra og mannorðs-spillis, og kveikir í mönnum miður góðar og frjálsmannlegar hvatir til þess að koma vilja sínum fram með leynd eða ofriki, þrátt fyrir allar torfærur.

Þetta er sálfræðislegur sannleiki og söguleg reynsla, sem ekki dugir móti að mæla né horfa framhjá, þegar ræða er um slíka lagasetning sem þessa. Allar þessar bannlagakenningar hér og annarsstaðar bera vott um þroskaleysi og skort og ótrú á sannri menning, og svona lita t. d. beztu og vitrustu menn Noregs, okkar nánustu þjóðfrændur, á þetta. Þeir hafa nýlega myndað »Landsfélag fyrir frelsi og menning gegn banni og nauðung«, og eitt af aðalatriðunum í stefnuskrá félagsins er að vinna gegn aðflutningsbanninu, sem G. T. reglan hefir barist kappsamlega fyrir í Noregi eins og hér. Í ávarpi því, er félagið hefir gefið út til þjóðarinnar, segja þeir meðal annars:

»Aðflutningsbannið, markmið Goodtemplara, mundi að eins leiða til hræsni, launverzlunar, laundrykkju og lagabrota. Og út á við mundi það baka oss ófyrir-sjáanleg fjárhagsleg vandræði og hættur.

Það er þess vegna tími til kominn að hefjast handa gegn þessari stefnu, sem er stórhættuleg fyrir land og lýð.

Með þá skoðun fyrir augum, að lögboðið frelsi eigi framvegis að ráða í þjóðfélagi voru, og að bannstefnan fjarlægji oss frá því markmiði, og sé ekki sæm-andi þjóð, sem ber nokkra virðing fyrir sjálfri sér, biðjum vér konur og karla í bæjum og bygðum lands vors að ganga með oss í þennan flokk, sem á að ná yfir allt landið«.

Í broddi fylkingar í þessum félagsskap eru hinir frægustu og ágætustu Norðmenn, svo sem Michelsen, Björnstjerne Björnson, Fridthjof Nansen, prófessor Sars o. s. frv. Hikum við ekki við að gera hin tilfærðu orð að okkar orðum, og beina þeim til Íslendinga, og við sjáum ekki betur, en að þau eigi að öllu við það ástand, sem nú er hér með oss.

3. Hingað til hefir landssjóðurinn haft mjög verulegan hluta af tekjum sínum af aðflutningsgjaldi áfengis. Fyrir það fé hefir margt og mikið þarft verið unnið á landi voru til andlegra og verklegra framfara. Og verði þessi tekju-lind byrgð, svo sem frumvarp þetta ætlast til, þá verður auðvitað óhjákvæmilegt að fylla skarð það er verður í landssjóðinn með því að láta landsmenn borga jafnmikla upphæð á einhvern annan veg, og munu varla finnast vænni ráð, en að fá það fé með því að hækka mjög aðflutningsgjald á þeim vörum, sem þegar eru tollskyldar, og allir kaupa, og mundi það verða all-tilfinnanleg verðhækkun á þeim vörum, svo sem kaffi og sykri, sem flestir verða að kaupa, jafnvel ekki

sízt margir þeirra, sem fátækir eru og með stórar fjölskyldur. Flestir þeir menn kaupa ekki vínföng, og borga því ekki vínfangatollinn í landssjóð; þann toll borgar að mestu efnaðri hluti landsmanna, og svo útlendingar að verulegu leyti. Hér er því beint stefnt að því, að láta fátækasta hluta landsmanna bera miklu meira af útgjöldum landsins en hingað til hefir verið, en léttu þeim gjöldum að sama skapi af efnuðustu mönnum og af útlendingum. Þessa stefnu teljum við ranga, og teljum vínföngin einn hinn bezta tollstofn.

Væri myndaður sérstakur sjóður, með ákveðnu markmiði, af öllu því fé sem inn kæmi fyrir aðflutning vinfanga, eins og háttv. 1. þm. Skagf. hefir lagt til með frumvarpi því um Heilsuhællissjóð, er deildin fól bannlaganefndinni að athuga, þá sæju menn gleggst, hve miklu mætti áorka með þessu. Annars skulum við geta þess, að nefndin hefir ekki enn þá gefið sér tíma til að athuga það frumvarp. Væri t. d. myndaður sérstakur vintollssjóður til þess að efla sannarlegt sjálfstæði landsins í verzlun og viðskiftum við aðrar þjóðir, til þess að eignast skip til millilandaferða og flutninga, til þess að eignast sjálfir skip til strandvarna o. fl., þá mundi enginn geta neitað því, að hér væri þarfaverk unnin með léttu og ótilfinnanlegu móti. Er nú rétt að meina útlendingum og efnamönnum landsins, sem neyta vins í vínahóp til gleði og saklausra skemtana, að leggja óbeinan en mjög verulegan skerf til sjálfstæðis og þreklegra framkvæmda fyrir landið?

4. Við vitum vel, að bannmennirnir bæði hér á þinginu og utan þings hafa marglýst yfir því, að þær ástæður, er við höfum dregið á hér að framan, og aðrar þær ástæður, er fram hafa verið færðar gegn banninu, séu allar einskisvirði. Þeir segja að áfengisnautnin skapi svo mikið böll, þjóðarböll, að til þess að bæta það böll, og það ætla þeir banninu að gera, megi ekki taka tillit til neinna lögjafarprinsípa, né til fjárhagslegra óþæginda eða þess, að beint liggur við að ætla, að bannlögin baki fátækum regiumönnum — einmitt þeim — mjög verulega byrði. Þjóðarböllið, áfengisböllið er svo mikið, segja þeir, að alt verður að vikja. Þetta eru þeir búnir að segja svo lengi og svo oft, að sjálfir þeir, og mjög margir landsmenn, trúu þessu rannsóknarlaust.

Vér litum nú svo á, að það sé fjarstæðu næst að tala um áfengisnautnina, eins og hún nú er orðin í landinu, sem *þjóðarböll*. Það stóryrði á alls ekki við, hvort sem miðað er við ástand sjálfra vor áður, né því síður við það, hversu ástatt er í þeim efnunum meðal annara þjóða. Hvort sem litið er til þess, *hvað mikils* áfengis hér er neytt, eða *hvernig* þess er neytt, sannar einmitt það, að vér stöndum mjög framarlega með tilliti til bindindissemi og þess síðgæðis, sem henni er samfara nú orðið, og að drykkjuskaparóregla er einmitt mjög fátíð meðal vor, og er þetta, að mjög miklu leyti, að þakka starfsemi G. T. reglunnar. Hún hefir hingað til unnið með hinum mesta áhuga og tilsvarandi árangri að því að vekja þann hugsunarhátt meðal vor, að nautn áfengis sé með öllu óþörf, og ofnautn þess sé skadleg og ósamboðin síðuðum mönnum. Og nú er svo komið, að þessi er orðinn hugsunarháttur flestra uppvaxandi manna og með því er áfengisnautnin í landi voru ekki orðin *þjóðarböll* lengur, og verður það ekki ef G. T. reglan heldur áfram starfsemi sinni á sama hátt og hingað til.

5. En nú telja þannlagamenn svo kornið, að líkindum, að litlu skifti, hvort hinar fyrri ástæður þeirra verði taldar gildar og góðar eða ekki, því að

nú sé komin ný ástæða, sem ein nægi til að leggja að velli allar mótbáru þeirra, er kjósa frjálsa framþróun siðgæðisins fremur en bann og kúgun. Þessi nýja ástæða er *þjóðviljinn*, sem á að hafa komið svo skýrt í ljós við atkvæðagreiðsluna 10 sept. í haust.

Já, svo er það að visu, að við atkvæðagreiðslu þá um aðflutningsbannið, sem fór fram í haust eftir ráðstofunum þings og stjórnar, urðu þeir fleiri, sem greiddu atkvæði með banni en móti, þótt foringjar bannmanna hafi vist búst við, að sá atkvæðamunur yrði meiri en raun varð á. En undirbúningur þeirrar atkvæðagreiðslu var svo einkennilegur og ólíkur því, sem venja er til, að við verðum að fara um hann nokkrum orðum.

Langstærsta og sterkasta félag landsins, Goodtemplarfélagið, hefir í mörg ár, bæði með ritum, ræðum og fortölum, unnið að því, að innræta öllum þá skoðun, að það að banna algerlega aðflutning alls áfengis til landsins, væri hreint og beint lífsnaðsynjamál fyrir þjóðina; en af því að starfsemi félagsins að *öðru leyti* til útrýmingar ofdrykkjunnar hefir notið samhygðar flestra góðra manna, hafa flestir kinokað sér við að vekja baráttu móti félaginu að því er til bann-*»agitationanna«* kemur.

Auk þess má geta þess, að afl og ofsi G. T. félagsins hefir á síðari árum verið svo mikið, að margir hafa talið þann kost vænstan, að sitja hjá og hafast ekki að gegn bannstefnunni, og þeir fáu, sem til sín hafa látið heyra í þá átt, hafa verið, ef svo má að orði komast, æptir niður.

Á þingi 1907 er þessu máli svo langt komið, að meiri hluti þingmanna samþykkir áskorun til stjórnarinnar, um að láta fram fara leynilega atkvæðagreiðslu um bannið, samhliða alþingiskosningunum 1909, og við þeirri áskorun varð stjórnin, eins og kunnugt er.

Jafnframt því að samþykkja þessa áskorun til stjórnarinnar eftir ósk Goodtemplara, veitti hið sama þing félaginu talsverðan aukinn fjárstyrk, einmitt til *»agitationa«* fyrir þessa atkvæðagreiðslu, eftir því sem helztu fylgismenn þess máls skýrðu frá. Og það hefir Goodtemplarfélagið svikalaust gert, eins og sýnir sig meðal annars á því, að nú hefir félagið farið fram á mjög aukinn styrk næsta ár, til þess að borga skuldir þær, er félagið nú er í, vegna kostnaðarins við *»agitationirnar«* í fyrra.

Þetta, að veita fé úr landssjóði, til þess að vinna að því að fá ákveðinni stefnu í ákveðnu *löggjafarmáli* sem mest fylgi, er nýtt með oss, og, að því er okkur sýnist, vel þess vert, að það sé athugað dátítið, því það er vist, að hægt er að hafa áhrif á úrlit mála með fé, og sé opinberu fé varið til að hafa áhrif á stjórnsmál eða löggjafarmál, þá getur það hæglega leitt til spillingar, er á útlendum málum nefnist *»Corruption«*. Venjulega eru það stjórnirnar, sem gera sig sekar í þeirri spilling. En hér hjá oss hefir þingið stigið spor í þessa átt, sjálf sagt þó í fullu grandleysi í þetta sinn, enda ekki um flokksmál að ræða.

En ef því líkt sem þingið 1907 gerði í þessu efni tíðkaðist með oss, gæti svo farið, að meiri hluti sem er að missa fylgi kjósenda, eða hefir þegar mist það, veiti fé undir einhverju yfirskini, til þess að *»agitera«* með eða móti því pólitisku máli, sem það veltur á, hvort stjórnin geti haldist við völd eða ekki.

Væri nú bannlögin *»Kabinetsspursmál«*, og það geta þau ef til vill orðið, hvað er þá, sem hér hefir verið aðhafst, og hvað mörg atkvæði með banninu eru óbeinlínis fengin fyrir landsjóðsfé?

En það er enn þá fleira, sem við teljum athugasvert við atkvæðagreiðsluna 10. sept. Skipulag G. T. félagsins er svo sterkt og aginn svo rikur, að þegar meiri hlutinn hefir ályktað eitthvað, verður minni hlutinn að beygja sig, og hlýða því, sem ákveðið hefir verið, og það er *víst*, að margir einstakir félagsmenn hafa gefið atkvæði nauðugir með bannstefnunni, og neyddir til þess af ályktunum þeim, er félagið, sem heild, hafði tekið í málinu. Öll þau atkvæði, sem svo eru til komin, ættu að vitað að teljast frá, þegar um það er að ræða að ákveða hinn sanna þjóðvilja í þessu máli. Og hvað skyldu þeir vera margir utanfélags, sem hafa gefið bannstefnunni atkvæði, af því að þeir hafa gagnað fyrir einhliða málsútlitun þeirra prédikara, er félagið hafði víðs vegar um land, gagnað fyrir frekyrðum þeirra og staðhæfingum, því að varla mun því verða neitað með rökum, að baunmenn hafa gert bannmálið að hreinu ofstækismáli, sem útrýmt hefir skynsamlegri og óhlutdrægri ihugun.

Það verðum við enn að benda á, að alt fram að atkvæðagreiðslunni í haust var það alment látið heita svo, að eigi yrði um það að tala að halda fram banninu sem löggjafarmáli, fyr en *mjög mikill* hluti landsmanna krefðist þess. Oft var sagt, að fyrst yrði að fá fylgi $\frac{3}{4}$ eða jafnvel $\frac{4}{5}$. Nú láta flutningsmenn sér nægja með $\frac{3}{5}$, eins og þau atkvæði eru til komin.

Kjösendur voru víst ekki álment spurðir um það, hversu fljótt þeir óskuðu að bannlögin kæmust á, og enn síður hafa þeir fengið nokkuð um það að vita fyr en nú, *hvernig* ákvæði bannlaganna ættu að verða, og við viljum fullyrða, að mörgum muni bregða í brún, er þeir nú fá að sjá, hvernig forsprakkarnir ætlast til að lögin verði í hinum einstöku greinum þeirra.

Við lýsum yfir því, að atkvæðagreiðslan í haust er enginn sannur eða áreiðanlegur mælikvarði fyrir þjóðviljanum í þessu máli. Til þess er undirbúningur hennar alt of meingallaður.

Við krefjumst þess, fyrir hönd allra þeirra, er atkvæði greiddu móti banninu, að þingið verndi þá fyrir þeirri kúgun, sem stofnað er til með þessu frumvarpi, og við krefjumst þess fyrir hönd *allra* Íslendinga, að þeim verði af nýju gefinn kostur á að lýsa vilja sínum í þessu máli.

Verði frumvarpið samþykkt og afgreitt sem lög frá alþingi, þá teljum við miklum mun hyggilegra og hagfeldara að láta þau ekki koma til framkvæmdar fyr en við árslok 1915. Það ár er útrunninn vinverzlunarleyfistími ýmsra þeirra, er nú hafa það leyfi, eg við teljum þann tekjumissi, er landssióður bíður við þessi lög, fullmikinn og tilfinnanlegan, þótt ekki bætist þar á ofan stór fjárlát til skaðabóta handa þeim, er sviftir verða vinsöluleyfinu áður en lögakveðinn tími er tilkominn. Þetta hefir líklega vakað fyrir 1. þm. Skagfirðinga, er hann kom fram með frumvarp sitt um heilsuhællissjóðinn, er við höfum nefnt hér að framan.

Eins og við upphaflega sögðum leggjum við það til, að hin háttv. deild felli frumvarpið, en verði frumvarpið eigi felt þá leyfum við okkur að koma fram með þessar varatillögur:

1. Við 22. gr. Í stað: »1912« komi: »1916«.
2. Aftan við frumvarpið bætist svohljóðandi

Bráðabirgðarákvæði.

Áður en lög þessi verða borin upp fyrir konungi til staðfestingar, skulu þau lögð fyrir alþingi 1911. Samþykki það þing lögin óbreytt, skuln þau lögð

undir atkvæði allra kjósenda landsins, og skal þeirri atkvæðagreiðslu hagað eins og gert var 1908. Verði við þá atkvæðagreiðslu meira en $\frac{1}{5}$ greiddra atkvæða atkvæða móti lögnum, skulu þau falla niður. Að öðrum kosti skal leita konungsstaðfestingar á þeim.

Neðri deild alþingis 26. marz 1909.

Jón Jónsson, þm. S.-M.

Jón Jónsson, þm. N.-M.